

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/23

frá 7. mars 2013

um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um tiltekin sæti fyrir börn samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru

(2013/121/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vörur, sem samrýmast landsbundnum stöðlum, sem hafa verið settir til að lögleiða Evrópustaðla, sem samdir voru samkvæmt tilskipun 2001/95/EB og vísað hefur verið til í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, njóta þess að gert er ráð fyrir að þær séu öruggar.
- 2) Semja á Evrópustaðla á grundvelli krafna, sem ætlunin er að tryggi að vörur, sem uppfylla staðlana, uppfylli almennar öryggiskröfur sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 2001/95/EB.
- 3) Evrópustaðlarnir EN 14988-1:2006 (1. hluti: öryggiskröfur) og EN 14988-2:2006 (2. hluti: prófunaraðferðir) fyrir hástóla fyrir börn þarfnast endurskoðunar. Einkum þarf að innleiða strangari öryggiskröfur að því er varðar hættuna á að börn detti úr hástól og að þau flækist í snúrum o.fl.
- 4) Ekki er vísað í Evrópustaðal EN 1272:1998 (Öryggiskröfur og prófunaraðferðir) fyrir stóla, sem komið er fyrir á borði, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Af þessum sökum hafa landsbundnir staðlar, sem hafa verið settir til að lögleiða Evrópustaðla, ekki í för með sér að gert sé ráð fyrir því að vörur séu öruggar.
- 5) Hvorki eru til Evrópustaðlar um barnastóla né sæti sem er komið fyrir á stól.

6) Því er rétt að ákvarða kröfurnar, sem eiga að tryggja að slík sæti fyrir börn uppfylli almennu öryggiskröfurnar, sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um vöruöryggi.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „sæti sem komið er fyrir á stól“: vara sem á að festa á stól fyrir fullorðinn einstakling til að hækka sætisstöðu barns sem er allt að 36 mánaða að aldri og fært um að sitja hjálparlaust,
- b) „barnastóll“: stóll sem er ætlaður sem sæti fyrir eitt barn þar sem stærð stólsins er stillanleg eftir aldri barnsins og ætlunin er að stóllinn standi á gólfi,
- c) „hástöll fyrir börn“: frístandandi stóll sem lyftir barni, frá 6 til 36 mánaða gömlu, sem er fært um að sitja hjálparlaust, í u.þ.b. hæð borðstofuborðs sem gerir kleift að mata barnið ef viðeigandi öryggis þess er gætt í setstöðu,
- d) „stóll sem komið er fyrir á borði“: stóll, sem almennt er notaður fyrir börn, sem eru fær um að sitja hjálparlaust, og þar sem ætlunin er að festa hann á borð eða annað lárétt yfirborð.

2. gr.

#### Öryggiskröfur

Sértækar öryggiskröfur um vörurnar, sem um getur í 1. gr. og sem uppfylla á með Evrópustöðlunum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB, eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

3. gr.

**Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 7. mars 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

## ALMENNAR ÖRYGGISKRÖFUR

Vörur mega hvorki stofna öryggi né heilbrigði barna og umönnunaraðila þeirra í hættu, þegar þær eru notaðar á tilætlaðan eða fyrirsjáanlegan hátt og þar sem hegðun barna er höfð í huga.

Ef unnt er að breyta einni tegund stóls í aðra stóltegund (t.d. hástól í barnastól) verður stóllinn að uppfylla öryggiskröfur sem gilda um báðar stóltegundirnar.

Á merkimiðum vara eða umbúðum þeirra og í meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum verður að vekja athygli notenda á eðlislægum hættum og hættum á meiðslum, sem fylgja notkun þeirra, og hvernig megi forðast þær. Vörur þurfa þó að vera hannaðar á eins öruggan hátt og mögulegt er og því mega merkimiðar og viðvaranir ekki koma í stað öruggrar hönnunar.

**Kröfur um efnafræðilega eiginleika**

Allar vörurnar, sem um getur í 1. gr., verða að uppfylla löggjöf ESB.

**Eldfimir eiginleikar**

Vörurnar, sem um getur í 1. gr., mega ekki búa yfir þáttum sem hafa í för með sér bráða eldhættu í umhverfi barns. Þær verða því að vera úr efni sem ekki kviknar skyndilega í ef það kemst í beina snertingu við loga eða neista. Af þessum sökum ætti að taka tillit til nýjustu útgáfu af EN 71-2.

Halda ætti notkun eldtefjandi efna í lágmarki. Ef eldtefjandi efni eru notuð ættu eiturrhrif þeirra við notkun og förgun, þegar efnin eru úr sér gengin, ekki að stofna heilbrigði barns, umönnunaraðila þess eða umhverfinu í hættu.

**Umbúðir**

Pokar úr sveigjanlegu plasti, sem eru notaðir til pökkunar og sem hafa stærra op en sem nemur ummáli barnshöfuðs, mega ekki valda barninu hættu á köfnun. Bannað er að nota bönd eða snúrur til að loka slíkum umbúðum eða til að loka sjálfmíandi umbúðum (t.d. umbúðum með „viðloðandi filmu“).

Umbúðir, sem innihalda vörurnar, mega ekki skapa hættu á köfnun sem orsakast af því að munnur og nef eru teppt. Í þessu skyni ættu plastumbúðir að vera gataðar, nema unnt sé að útiloka raka með öðrum hætti.

Pokar verða að vera merktir á áberandi hátt með eftirfarandi viðvörnum eða jafngildum viðvörnum: „VIÐVÖRUN! Geymið umbúðir þar sem börn ná ekki til þeirra til að koma í veg fyrir að þau kafni af völdum þeirra“. Á þeim verður einnig að vera stórt, greinilegt tákn eða skýringarmynd sem sýnir að um hugsanlega hættu sé að ræða.

**Upplýsingar um framleiðanda og innflytjanda**

Framleiðendur<sup>(1)</sup> verða að tilgreina á vörunni nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir vörunni. Heimilisfangið verður að vera heimilisfang eins tiltekins staðar þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann<sup>(2)</sup>.

Innflytjendur<sup>(3)</sup> verða að tilgreina á vörunni nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir vörunni<sup>(4)</sup>.

## SÉRTÆKAR ÖRYGGISKRÖFUR

## 1. SÆTI SEM KOMIÐ ER FYRIR Á STÓLUM

## 1.1. Gildissvið

Þessar öryggiskröfur gilda um sæti, sem komið er fyrir á stól, og ætluð börnum sem eru allt að 36 mánaða að aldri og að hámarki 15 kg. Þær gilda ekki um púða, sessur eða hvers konar aðrar vörur sem eru ætlaðar til að halda barni föstu í stól án þess að hækka sætisstöðu barnsins.

<sup>(1)</sup> Eins og skilgreint er í grein R1 í kafla R1 í I. viðauka við ákvörðun Evrópupingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

<sup>(2)</sup> Eins og skilgreint er í grein R2 í kafla R2 í I. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB.

<sup>(3)</sup> Eins og skilgreint er í grein R1 í kafla R1 í I. viðauka við ákvörðun nr. 786/2008/EB.

<sup>(4)</sup> Eins og skilgreint er í grein R4 í kafla R2 í I. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB.

## 1.2. Öryggiskröfur

### *Hætta á að festast í bilum og opum*

Sæti, sem komið er fyrir á stólum, verða að vera þannig hönnuð og framleidd að komið sé í veg fyrir að líkamshlutar barns festist í bilum og opum.

### *Hættur tengdar því að stilla hæð sætis sem komið er fyrir á stól*

Sæti, sem komið er fyrir á stólum, þar sem hægt er að stilla hæð sætisins, verða að hafa læsibúnað sem festir sætið tryggilega í þá stöðu sem það er venjulega notað í. Koma verður í veg fyrir að hægt sé að opna læsibúnaðinn óvart.

### *Hættur tengdar hreyfanlegum hlutum*

Þegar búið er koma sætinu fyrir á stól fyrir venjulega notkun mega ekki vera aðgengilegir neinin staðir á því þar sem hægt er að klemma eða skera sig af þeirri ástæðu að sætið eða einhver hluti þess færast til, að barnið færi sig til í sætinu eða af völdum utanaðkomandi krafta (annaðhvort af völdum annars barns, óviljandi, af völdum umönnunaraðila eða knúins búnaðar).

Sæti, sem eru hönnuð þannig að þau leggist saman, verða að hafa búnað sem barn getur ekki stjórnað og sem umönnunaraðili getur ekki ræst óviljandi. Það má ekki vera hægt að koma sæti fyrir á stól fyrir venjulega notkun, án þess að virkja læsibúnaðinn.

### *Hætta á að detta*

Þegar búið er að koma sæti fyrir á stól fyrir venjulega notkun verður að vera öruggt að barnið haldist þar og að það geti ekki velt sætinu eða hvolft því þegar það hallar sér í einhverja átt. Til að koma í veg fyrir meidsli sökum þess að barnið stendur upp og dettur eða rennur úr sætinu verður það að vera þannig hannað að aðhaldsbúnaður komi í veg fyrir að barnið standi upp og detti eða renni úr sætinu.

Sæti, sem komið er fyrir á stól, verður að vera búið aðhaldsbúnaði, sem hægt er að stilla eftir stærð barnsins, og verður hann a.m.k. að fela í sér mittis- og klobband. Það má ekki vera mögulegt að nota aðhaldsbúnað án þess að nota klobbandið.

Aflfræðilegt álag, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar sæti, sem komið er fyrir á stól, er notað innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka, má ekki valda varanlegum skemmdum á aðhaldsbúnaði, ólum, festipunktum og festingarþúnaði sem geta dregið úr öryggi þeirra og hefðbundinni virkni.

Þegar sæti, sem komið er fyrir á stól, er uppsett til notkunar verður bakstoð þess að vera af viðeigandi hæð. Það verður einnig að vera búið sætisörmmum til hliðanna sem eru nógu háir til að tryggja að barnið haldist í sætinu þegar það hallar sér í einhverja átt.

### *Hætta á að flækjast í snúrur o.fl.*

Að undanskildum aðhaldsbúnaði fyrir börn og festibúnaði fyrir stól, mega snúrur, borðar og sambærilegir hlutar, sem barn, sem situr í sæti, sem komið er fyrir á stól, getur náð í, ekki vera lengri en svo að þau geti myndað hættulegar lykkjur um háls barns.

Ekki má nota einþáttingaþræði í snúrur, borða og sambærilega hluta eða í lykkjur eða saumþræði.

### *Hætta á að það standi í barni*

Til að koma í veg fyrir þá hættu að það standi í barni má sæti, sem komið er fyrir á stól, ekki fela í sér neina smáa hluta, hvort sem ætlunin er að fjarlægja þá með verkfærum eða ekki, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, og eru nógu litlir til að komast fyrir í munn barns.

Barn má ekki, vegna afls síns, geta náð í bólstrunarefni, sem hætta er á að standi í því ef það gleypir það. Barn má ekki vera berskjaldað fyrir frekari hættu á að það standi í því vegna stærðar þáttanna, sem bólstrunarefnið inniheldur, eða af þeim sökum að barn geti, fyrir tilstilli eigin afls, gert þættina nógu smáa eða gert þá aðgengilega.

### *Hætta á að gleypa smáa hluta*

Til að koma í veg fyrir þá hættu að barn gleypi smáa hluta, má sæti, sem komið er fyrir á stól, ekki fela í sér aðskilda eða smáa hluta, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, og geta komist niður í vélinda barns. Ekki má í neinum tilvikum nota eiturfæni eða meðhöndla yfirborð með eiturfænum.

### *Hætta á köfnun*

Á sætum, sem komið er fyrir á stól, mega ekki vera neinin áþrykkir miðar úr plasti sem barn gæti gripið í og rífið af með því að beita afli sínu. Þau mega ekki hafa ógegndræpar klæðningar með plötum sem gætu hulið bæði nef og munn barns og þannig valdið hættu á köfnun.

*Hættulegar brúnir, horn og framstæðir hlutar*

Allar aðgengilegar brúnir, horn og framstæðir hlutar á sæti, sem komið er fyrir á stól, verða að vera rúnnað og mega hvorki hafa hrjúfar né skarpar brúnir.

*Yfirborð*

Allt yfirborð verður að vera, að því marki sem það samrýmist virkni sætis, sem komið er fyrir á stól, nógu slétt til að koma í veg fyrir hrúfl, skurði, rispur, skrámur, brunasár eða aðra áverka sem gætu hlotist fyrir slysi þegar sætið er í notkun eða sökum hegðunar barnsins.

*Heilleiki burðarvirkis*

Sæti, sem komið er fyrir á stól, má ekki falla saman eða sýna merki um skemmd eða varanlega aflögun sem getur dregið úr öryggi sætisins og haft áhrif á venjulega notkun þess. Hvers konar búnaður til að stilla hæð sætis, sem komið er fyrir á stól, verður að koma í veg fyrir að hæðastillingin, sem er valin, geti breyst vegna aflfræðilegs álags, sem sætið verður fyrir, þegar það er notað innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

*Festibúnaður fyrir stól*

Festibúnaður fyrir stól verður að vera hannaður þannig að sætið, sem komið er fyrir á stól, sé bæði fest á bakstoð og sætisýfirborð stóls.

Festibúnaður fyrir stól, ólar, festipunktar og festingarbúnaður mega ekki slitna í sundur, losna eða rifna frá þeim stað þar sem þau eru fest sökum aflfræðilegs álags, sem þau geta orðið fyrir, þegar þau eru notuð innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

*Hættur tengdar ófullnægjandi stærð*

Í vöruupplýsingum verður að tilgreina fullnægjandi stærð sætis og bakstoðar þeirra stóla sem varan er ætluð fyrir.

**1.3. Öryggisupplýsingar, notendahandbók og merkingar**

Á vörunni verða að vera öryggisupplýsingar og þær verða einnig að fylgja með í leiðbeiningum til notenda.

Öryggisupplýsingar verða að vera skriflegar, á tungumáli eða tungumálum þess lands þar sem sætið, sem komið er fyrir á stól, er boðið í smásölu og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar. Allar merkingar verða að vera læsilegar og merkimiðar, sem eru notaðir, mega ekki losna auðveldlega af.

*Öryggisupplýsingar*

Veita verður nauðsynlegar öryggisupplýsingar á skýran og áberandi hátt. Þær verða að vera vel sýnilegar og halda áfram að vera sýnilegar eftir að sætið, sem komið er fyrir á stól, hefur verið fest við stól fyrir fullorðna og áður en barnið er sett í sætið. Merkja verður upplýsingarnar með orðinu „VIÐVÖRUN!“ og í þeim verða a.m.k. að koma fram eftirfarandi skilaboð eða jafngild skilaboð:

- „Skiljið aldrei barn eftir eftirlitslaust.“
- „Notið ávallt aðhaldsbúnað fyrir barn og festibúnað fyrir stól.“
- „Athugið ávallt að sæti, sem komið er fyrir á stól, sé öruggt og stöðugt áður en það er notað.“
- „Vara þessi er ætluð börnum, sem eru allt að 36 mánaða, að hámarki 15 kg og geta setið hjálparlaust.“

*Kaupupplýsingar*

Neytandi verður að geta séð kaupupplýsingar með skýrum hætti á sölustað. Þær verða a.m.k. að fela í sér eftirfarandi, bæði á skriflegu formi og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar:

- þessa yfirlýsingu eða jafngilda yfirlýsingu: „Vara þessi er ætluð börnum, sem eru allt að 36 mánaða, að hámarki 15 kg og geta setið hjálparlaust.“,
- fullnægjandi stærð stóls fyrir fullorðna, sætis og bakstoðar.

*Notendahandbók*

Notendahandbók verður að fylgja sæti sem komið er fyrir á stól. Í notendahandbókinni verður að koma fram:

- eftirfarandi yfirlýsing eða jafngild yfirlýsing: „MIKILVÆGT! GEYMIÐ TIL SÍÐARI NOTKUNAR.“,
- leiðbeiningar um rétta og örugga samsetningu og notkun sætis, sem komið er fyrir á stól,
- upplýsingar um tegundir stóla fyrir fullorðna þar sem hægt er að festa sæti, sem komið er fyrir á stól, og þar sem ekki er hægt að festa sætið.

Merkja verður viðvaranir í notendahandbók með orðinu „VIÐVÖRUN!“ og í þeim verða a.m.k. að koma fram eftirfarandi skilaboð eða jafngild skilaboð:

- „Skiljið aldrei barn eftir eftirlitslaust.“
- „Notið ávallt aðhaldsbúnað fyrir barn og festibúnað fyrir stól.“
- „Tryggið að festibúnaður fyrir stól sé rétt uppsettur og stilltur fyrir notkun.“
- „Athugið ávallt að sæti, sem komið er fyrir á stól, sé öruggt og stöðugt áður en það er notað.“

Í notendahandbókinni verða einnig að koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- eftirfarandi yfirlýsing eða jafngild yfirlýsing: „Vara þessi er ætluð börnum sem eru allt að 36 mánaða, að hámarki 15 kg og geta setið hjálparlaust.“,
- fullnægjandi stærð stóls fyrir fullorðna, sætis og bakstoðar,
- yfirlýsing um að ekki ætti að nota sæti, sem komið er fyrir á stól, ef einhver hluti þess er brotinn, slitinn eða hann vantar,
- yfirlýsing um að ekki megi nota annan aukabúnað eða varahluti en þá sem framleiðandi samþykkir,
- ráðleggingar um þrif og viðhald.

## 2. BARNASTÓLAR

### 2.1. Gildissvið

Þessar öryggiskröfur gilda um barnastóla sem eru ætlaðir börnum sem eru fær um að sitja hjálparlaust. Þær taka til kolla, stóla (samsetningarhlutar fela í sér: fætur, sæti og bakstoð) og hægindastóla (samsetningarhlutar fela í sér: sæti, bakstoð og sætisarma) til nota innan- og utandyra. Þær taka einnig til ruggustóla og klappstóla. Kröfurnar taka auk þess til vara með fjölþætta virkni sem hægt er að breyta í barnastóla. Enn fremur taka þær til barnastóla sem eru útbúnir með hjólum. Vörur, sem sameina virkni barnastóls og aðra virkni (t.d. geymslu), verða einnig að uppfylla kröfurnar.

### 2.2. Öryggiskröfur

#### *Hætta á að festast í bilum og opum*

Barnastólar verða einnig að vera þannig hannaðir og framleiddir að komið sé í veg fyrir að útlimir, fætur og hendur, og eins og mögulegt er fingur, festist í bilum og opum.

Barnastólar, sem hægt er að leggja saman, verða að vera þannig hannaðir og framleiddir að komið sé í veg fyrir að fingur klemmist.

Barnastólar mega ekki vera svo þungir að höfuð eða útlimir barns geti fest undir þeim.

#### *Hættur tengdar hreyfanlegum hlutum*

Þegar barnastóll er uppsettur fyrir venjulega notkun, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, má ekki stafa nein hættu af hreyfanlegum hlutum.

#### *Smáhjól og hjól*

Barnastólar, sem eru útbúnir með hjólum eða smáhjólum, verða að vera þannig hannaðir að hjólin hafi ekki áhrif á stöðugleika þeirra.

#### *Hætta á að detta*

Barnastólar verða að vera nógu stöðugir til að hindra að þeir velti eða þeim hvolfi meðan barn situr í þeim.

#### *Stöðugleiki*

Barnastólar verða að vera stöðugir.

#### *Hætta á að það standi í barni*

Til að koma í veg fyrir þá hættu að það standi í barni mega barnastólar ekki fela í sér neina smáa hluta, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, og eru nógu litlir til að komast fyrir í munn barns. Barn má ekki, vegna afls síns, geta náð í bólstrunarefni, sem hættu er á að standi í því ef það gleypir það. Barn má ekki vera berskjaldað fyrir frekari hættu á að það standi í því vegna stærðar þáttanna, sem bólstrunarefnið inniheldur, eða af þeim sökum að barn geti, fyrir tilstilli eigin afls, gert þættina nógu smáa eða gert þá aðgengilega.

*Hætta á köfnun*

Á barnastólum mega ekki vera neindir áþrykkir miðar úr plasti sem hægt er að losa með afli sem barn getur beitt. Þeir mega ekki hafa ógegndræpar klæðningar með plötum sem gætu hulið bæði nef og munn barns og þannig valdið hættu á köfnun.

*Hætta á að gleypa smáa hluta*

Til að koma í veg fyrir hættu á að barn gleypi smáa hluta mega barnastólar ekki fela í sér aðskilda eða smáa hluta, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, og geta komist niður í vélinda barns. Ekki má í neinum tilvikum nota eitrefni eða meðhöndla yfirborð með eitrefnum.

*Yfirborð*

Allt yfirborð verður að vera, að því marki sem það samrýmist virkni barnastóls, nógu slétt til að koma í veg fyrir hruf, skurði, rispur, skrámur, brunasár eða aðra áverka sem gætu hlotist fyrir slysi þegar stóllinn er í notkun eða sökum hegðunar barns.

*Hættulegar brúnir*

Barnastólar mega ekki hafa skarpar brúnir eða oddhvassa hluta. Horn og brúnir, sem eru aðgengileg, verða að vera rúnnað eða sniðskorin. Á þeim mega ekki vera oddar eða framstætt yfirborð þar sem hætta er á að barn geti meitt sig.

*Heilleiki burðarvirkis*

Barnastólar og íhlutir þeirra s.s. sæti, bakstoð og stólfætur, verða að geta þolað aflfræðilegt álag, sem þeir verða fyrir, þegar þeir eru notaðir innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

**2.3. Öryggisupplýsingar**

Viðvaranir og notkunarleiddbeiningar verða að upplýsa foreldra eða umönnunaraðila barna að barn geti notað barnastól, sem er staðsettur undir glugga, sem tröppu sem hefur í för með sér hættu á að barn geti dottið út um gluggann.

Öryggisupplýsingar verða að vera skriflegar, á tungumáli eða tungumálum þess lands þar sem barnastóllinn er boðinn í smásölu og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar. Allar merkingar verða að vera læsilegar og merkimiðar, sem eru notaðir, mega ekki losna auðveldlega af.

**3. HÁSTÓLAR FYRIR BÖRN****3.1. Gildissvið**

Þessar öryggiskröfur gilda um hástóla sem eru ætlaðir börnum, frá u.þ.b. 6 til 36 mánaða að aldri, sem eru fær um að sitja hjálparlaust og eru að hámarki 15 kg. Ef hástólar fyrir börn eru þannig hannaðir að hægt sé að breyta þeim í barnastóla verða þeir einnig að uppfylla þær öryggiskröfur sem gilda um barnastóla.

Ef hlutar hástóls eru hannaðir þannig að unnt sé að fjarlægja þá (t.d. bakka eða fóthvílu) gilda þessar öryggiskröfur um hástóllinn með og án þessara hluta.

Vörur, sem hafa þýðingarmikið gildi sem leikföng, verða einnig að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB<sup>(5)</sup> um öryggi leikfanga (t.d. hástóll sem unnt er að breyta í rugguhest).

**3.2. Öryggiskröfur***Almenn atriði*

Ekki má nota tengiskrúfur til beinnar festingar (t.d. borskrúfur) til að setja saman íhluti, sem eru hannaðir til að verða fjarlægðir eða losaðir, þegar verið er að taka hástól í sundur svo unnt sé að flytja hann eða setja í geymslu.

Óvarðar brúnir og framstæðir hlutar verða að vera rúnnað eða sniðskorin og mega ekki hafa hrjúfar eða skarpar brúnir.

*Hætta á að detta*

Til að koma í veg fyrir meiðsli sökum þess að barnið stendur upp og dettur eða rennur úr hástól verður hann að vera hannaður þannig að aðhaldsbúnaður komi í veg fyrir að barnið standi upp og detti eða renni úr stólum.

Hástóll verður að vera búinn aðhaldsbúnaði, sem hægt er að stilla eftir stærð barnsins, og verður hann a.m.k. að fela í sér mittis- og klobband. Það má ekki vera mögulegt að nota aðhaldsbúnað án þess að nota klobbandið.

<sup>(5)</sup> Stj. tíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

Aðhaldsbúnaður, ólar, festipunktur og festingarbúnaður mega ekki slitna í sundur, losna eða rifna frá þeim stað þar sem þau eru fest sökum innra eða ytra afls sem barn getur beitt.

Við hönnun aðhaldsbúnaðar verður að taka tillit til allra mögulegra hreyfinga barnsins í hástólnum.

Bakstoð hástóls verður að vera af viðeigandi hæð. Hástóll verður einnig að vera búinn sætisörmum til hliðanna sem eru nógu háir til að tryggja að barnið haldist í stólnum þegar það hallar sér í einhverja átt.

Til að koma í veg fyrir meiðsli, sökum þess að barn ýti á og/eða spyrni fótunum í matarborð svo hástóllinn detti aftur á bak, verður hástóllinn að vera hannaður þannig að stöðugleiki hans útiloki hættu á að hann detti aftur á bak.

*Hætta á að flækjast í snúrur o.fl.*

Á hástólum mega ekki vera neinar snúrur, borðar eða sambærilegir hlutar (að undanskildum aðhaldsbúnaði) sem barnið getur flækst í.

*Hætta á að festast í bilum og opum*

Hástólar fyrir börn verða að vera þannig hannaðir og framleiddir að komið sé í veg fyrir að líkamshlutar barns festist í þeim.

*Hættur tengdar hreyfanlegum hlutum*

Til að koma í veg fyrir hættu á skera sig og kremja mega ekki vera staðir þar sem hægt er að skera sig og klemma. Ef ekki er hægt að forðast staði, þar sem hægt er að skera sig og klemma, af hagkvæmnisástæðum, ætti að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir séu öruggir.

Allir hlutar hástóls, sem hægt er að leggja saman eða losa, verða að vera útbúnir með læsibúnaði þannig að barn, sem notar vöruna, eða annað barn geti ekki opnað læsinguna og fullorðinn einstaklingur geti ekki heldur opnað læsinguna óviljandi.

*Læsibúnaður fyrir hástóla sem leggjast saman*

Nauðsynlegt er að hástóll sé búinn læsibúnaði til að koma í veg fyrir að hann leggist saman þegar barn situr í honum, einnig þegar verið er að setja barn í hann eða taka það úr honum.

Til að koma í veg fyrir að hætta skapist þegar hástóll er notaður með röngum hætti verður þyngd barnsins, sem notar hástóllinn, að koma í veg fyrir að hann leggist saman eða a.m.k. einn þáttur læsibúnaðarins að virkjast sjálfkrafa þegar hástóllinn er notaður.

Læsibúnaðurinn verður að vera þannig að börn geti ekki óvart opnað hann eða virkjað.

Læsibúnaður verður að virka áfram sem skyldi þegar hann verður fyrir aflfræðilegu álagi, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar hástóllinn er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

*Hætta á að það standi í barni*

Enginn hluti, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, má vera svo smár að hann komist fyrir í munni barns. Engir íhlutir, sem hægt er að fjarlægja án þess að nota verkfæri, mega komast fyrir í munni barns. Barn má ekki, vegna afls síns, geta náð í bólstrunarefni, sem hætta er á að standi í því ef það gleypir það. Ennfremur má barn ekki vera berskjaldað fyrir frekari hættu á að það standi í því vegna stærðar þáttanna, sem bólstrunarefnið inniheldur, eða af þeim sökum að barn geti, fyrir tilstilli eigin afls, gert þættina nógu smáa eða gert þá aðgengilega.

*Aðhaldsbúnaður*

Hástóll verður að vera hannaður þannig að börn séu örugg þegar þau eru í setstöðu og komið sé í veg fyrir að þau detti þegar þau standa upp og missa jafnvægið, annaðhvort með því að nota aðhaldsbúnað, sem samanstendur af klofbandi og láréttum íhlut, eða með því að nota heilt beisli. Ef hástóll er búinn bakstoð, sem hægt er að halla, verður hann að hafa heilt beisli.

Þegar hástóll er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka má aflfræðilegt álag, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, ekki valda varanlegum skemmdum sem geta dregið úr öryggi og eðlilegri virkni klofbanda, mittisbelta og óla í heilu beisli.



Ef hástóll er búinn heilu beisli eða festipunktum fyrir beisli má aflfræðilegt álag, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar stóllinn er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka, ekki valda varanlegum skemmdum á þessum búnaði sem geta dregið úr öryggi hans og eðlilegri virkni.

Ef heilt beisli eða belti fylgir verður það að vera stillanlegt og aflfræðilegt álag, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar hástóllinn er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka, má ekki valda varanlegum skemmdum á þessum búnaði sem geta dregið úr öryggi hans og eðlilegri virkni.

#### *Hliðarvörn*

Hástóll verður að vera búinn sætisörmum til hliðanna eða öðrum hliðarvörnum.

#### *Bakstoð*

Hástóll verður að vera búinn bakstoð sem er nógu há til að tryggja að barnið haldist í stólnum þegar það hallar sér í einhverja átt.

#### *Bakstoð sem hægt er að halla*

Búnaður, sem gerir kleift að stilla bakstoð hástóls, má ekki hrökkva úr einni stöðu í aðra þegar hann verður fyrir aflfræðilegu álagi, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar hástóllinn er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

#### *Smáhjól og hjól*

Hástólar, sem eru útbúnir með hjólum eða smáhjólum, verða að vera þannig hannaðir að hjólin hafi ekki áhrif á stöðugleika þeirra.

#### *Heilleiki burðarvirkis*

Virkni hástóls má ekki skerðast þegar hann verður fyrir aflfræðilegu álagi, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar stóllinn er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

Hástóll má ekki falla saman og læsibúnaður verður að haldast virkur þegar hann verður fyrir aflfræðilegu álagi, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar stóllinn er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

#### *Stöðugleiki*

Ef hlutar hástóls eru hannaðir þannig að unnt sé að fjarlægja þá (t.d. bakka eða fíthvili) gilda stöðugleikakröfur um hástólinn með og án þessara hluta.

Þegar hástóll verður fyrir aflfræðilegu álagi, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar hann er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka, má hann hvorki velta til hliðanna né aftur á bak og ekki má honum heldur hvöfva.

### **3.3. Öryggisupplýsingar, notendahandbók og merkingar**

#### *Almenn atriði*

Öryggisupplýsingar verða að vera skriflegar, á tungumáli eða tungumálum þess lands þar sem hástóllinn er boðinn í smásölu og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar. Allar merkingar verða að vera læsilegar og merkimiðar, sem eru notaðir, mega ekki losna auðveldlega af þegar þeir eru notaðir innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

#### *Öryggisupplýsingar*

Veita verður öryggisupplýsingar á skýran og áberandi hátt. Þær verður að merkja með orðinu „VIÐVÖRUN!“ og í þeim verða a.m.k. að koma fram eftirfarandi skilaboð eða jafngild skilaboð:

- „Skiljið aldrei barn eftir eftirlitslaust.“
- „Notið ávallt aðhaldsbúnað.“
- „Athugið ávallt að hástóll sé öruggur og stöðugur áður en hann er notaður.“

#### *Kaupupplýsingar*

Neytandi verður að geta séð kaupupplýsingar með skýrum hætti á sölustað. Upplýsingarnar verða a.m.k. að fela í sér eftirfarandi yfirlýsingu eða jafngilda yfirlýsingu, bæði á skriflegu formi og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar: „Vara þessi er ætluð börnum, sem eru allt að 36 mánaða að aldri, að hámarki 15 kg og geta setið hjálparlaust.“ Veita verður frekari öryggisupplýsingar ef hægt er að breyta vörinni, annaðhvort þannig að nota eigi hana sem leikfang eða að breyta eigi henni í barnastól, sem hægt er að stilla þannig að hann henti barni á mismunandi þroskastigum, (hinn svonefndi eiginleiki: „að stækka með barninu“).

#### *Merkingar*

Hástólar verða að hafa varanlegar merkingar með eftirfarandi viðvörðun eða sambærilegri viðvörðun: „VIÐVÖRUN! „SKILJIÐ BARNIÐ EKKI EFTIR EFTIRLITSLAUST.“ Notast verður við viðeigandi skýringarmynd í tengslum við viðvörðunina.

#### *Notendahandbók*

Í notendahandbók verður að veita notkunarleiðbeiningar fyrir hástól og merkja þær með yfirlýsingu „MIKILVÆGT! GEYMIÐ TIL SÍÐARI NOTKUNAR“ eða jafngildri yfirlýsingu.

Leiðbeiningarnar verða að fela í sér eftirfarandi viðvaranir eða jafngildar viðvaranir og hefjast á orðinu „MIKILVÆGT!“:

— „Skiljið barnið ekki eftir eftirlitslaust.“

— „Notið ekki hástól nema allir íhlutir séu rétt uppsettir og stilltir.“

Í notendahandbókinni verður einnig að veita eftirfarandi viðvaranir:

— gætið þess að öll beisli séu rétt uppsett,

— verið vakandi fyrir hættu, sem skapast af völdum opins elds eða annarrar uppsprettu mikils hita, s.s. rafmagnsarna, gaselds o.s.frv. í nálægð við hástólinn.

Veita verður eftirfarandi öryggisupplýsingar í notendahandbók:

— samsetningarteikningu, skrá yfir og/eða lýsingu á öllum hlutum og verkfærum sem þarf til að setja stólinn saman ásamt skýringarmynd af skrúfboltum og öðrum læsibúnaði.

— yfirlýsingu um að ekki ætti að nota hástól fyrr en barnið getur setið hjálparlaust,

— yfirlýsingu um að ekki ætti að nota hástól ef einhver hluti hans er brotinn, slitinn eða hann vantar,

— ráðleggingar um þrif og viðhald.

#### 4. STÓLAR SEM KOMIÐ ER FYRIR Á BORDI

##### 4.1. Gildissvið

Þessar öryggiskröfur gilda um stóla, sem komið er fyrir á borði, sem eru ætlaðir börnum sem eru fær um að sitja hjálparlaust (frá sex mánaða aldri) og eru að hámarki 15 kg.

##### 4.2. Öryggiskröfur

###### *Almenn atriði*

Þegar stóll, sem komið er fyrir á borði, er settur saman til notkunar verður samsetningin að vera þannig að komið sé í veg fyrir að barn eða umönnunaraðili eigi á hættu að klemma sig, skera eða fá aðra áverka.

###### *Hætta á að festast í bilum og opum*

Til að koma í veg fyrir að barnið festist í opum og bilum mega stólar, sem komið er fyrir á borði, ekki hafa rör með opnum endum eða bil eða op sem geta valdið barninu meiðslum.

Hönnun stóls, sem komið er fyrir á borði, verður að koma í veg fyrir að barn detti í gegnum bil eða op.

###### *Hættulegar brúnir, horn og framstæðir hlutar*

Allar aðgengilegar brúnir, horn og framstæðir hlutar á stól, sem komið er fyrir á borði, verða að vera rúnuð og sniðskorin og mega hvorki hafa hrjúfar né skarpar brúnir.

###### *Hætta á að það standi í barni*

Til að koma í veg fyrir þá hættu að það standi í barni mega stólar ekki fela í sér neina smáa hluta, hvort sem ætlunin er að fjarlægja þá með verkfærum eða ekki, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, og eru nógu litlir til að komast fyrir í munn barns.

Barn má ekki, vegna afls síns, geta náð í bólstrunarefni, sem hætta er á að standi í því ef það gleypir það. Ennfremur má barn ekki vera berskjaldað fyrir frekari hættu á að það standi í því vegna stærðar þáttanna, sem bólstrunarefnið inniheldur, eða af þeim sökum að barn geti, fyrir tilstilli eigin afls, gert þættina nógu smáa eða gert þá aðgengilega.

###### *Hætta á að gleypa smáa hluta*

Til að koma í veg fyrir þá hættu að barn gleypi smáa hluta sökum rangrar notkunar á stól, sem komið er fyrir á borði, má hann ekki fela í sér aðskilda eða smáa hluta, sem hægt er að losa með afli, sem barn getur beitt, og geta komist niður í vélinda þess.

###### *Hætta á köfnun*

Á stólum mega ekki vera neininir áþrykkir miðar úr plasti sem barn gæti gripið í og rífið af með því að beita afli sínu. Þeir mega ekki hafa ógegndræpar klæðningar með plötum sem gætu hulið bæði nef og munn barns og þannig valdið hættu á köfnun.

*Borskrúfur*

Ekki má nota tengiskrúfur (t.d. borskrúfur) til að festa ihluti, sem eru hannaðir til að vera fjarlægðir eða losaðir, þegar verið er að taka í sundur stól, sem komið er fyrir á borði, til að flytja hann eða setja í geymslu.

*Hættur tengdar hreyfanlegum hlutum*

Þegar stóll, sem komið er fyrir á borði, er uppsettur fyrir venjulega notkun, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, má ekki stafa nein hættu af hreyfanlegum hlutum.

*Hætta á að detta*

Til að koma í veg fyrir meiðsli sökum þess að barnið stendur upp og dettur eða rennur úr stól, sem komið er fyrir á borði, verður hann að vera hannaður þannig að aðhaldsbúnaður komi í veg fyrir að barnið standi upp og detti eða renni úr stólnum.

Stóll, sem komið er fyrir á borði, verður að vera búinn aðhaldsbúnaði, sem hægt er að stilla eftir stærð barnsins, og verður hann a.m.k. að fela í sér mittis- og klobband. Það má ekki vera mögulegt að nota aðhaldsbúnað án þess að nota klobbandið.

Aðhaldsbúnaður, ólar, festipunktar og festingarþúnaður mega ekki slitna í sundur, losna eða rifna frá þeim stað þar sem þau eru fest sökum innra eða ytra afls sem barn getur beitt.

Við hönnun aðhaldsbúnaðar verður að taka tillit til allra mögulegra hreyfinga barnsins í stólnum.

Þegar stóll, sem komið er fyrir á borði, er uppsettur til notkunar verður bakstoð hans að vera af viðeigandi hæð. Hann verður einnig að vera búinn sætisörmmum til hliðanna sem eru nógu háir til að tryggja að barnið haldist í stólnum þegar það hallar sér í einhverja átt.

*Fóthvilar*

Stóllinn má ekki hafa fóthvilur.

*Sæti sem hægt er að fjarlægja*

Ef hægt er að fjarlægja sætið úr rammanum verður að hanna festibúnaðinn, sem festir sætið tryggilega við ramman, þannig að komið sé í veg fyrir að sætið losni úr rammanum fyrir slysn.

Sætið verður að haldast fast við rammann, jafnvel þótt það verði fyrir aflfræðilegu álagi, þegar stóllinn, sem komið er fyrir á borði, er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

*Heilleiki burðarvirkis*

Þegar stóll sem komið er fyrir á borði er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka má aflfræðilegt álag, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, ekki valda varanlegum skemmdum sem geta dregið úr öryggi og eðlilegri virkni stólsins.

*Festistöð (anchoring support)*

Festistöð verður að tryggja að þegar stóll, sem komið er fyrir á borði, er festur á undirlag, færast hann ekki til þegar hann er notaður innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka. Festistöð stóls, sem komið er fyrir á borði, verður að veita viðnám gegn því að hann skoppi.

*Stöðugleiki*

Stólar, sem komið er fyrir á borði, mega ekki leggjast saman og þeim má ekki heldur hvolfa þegar þeir eru beittir aflfræðilegu álagi, í kyrrstöðu eða við hreyfingu, þegar þeir eru notaðir innan skynsamlegra og fyrirsjáanlegra marka.

**4.3. Öryggisupplýsingar, notendahandbók og merkingar***Almenn atriði*

Á vörinni verða að vera öryggisupplýsingar og þær verða einnig að fylgja með í leiðbeiningum til notenda.

Öryggisupplýsingar verða að vera skriflegar, á tungumáli eða tungumálum þess lands þar sem stóll, sem komið er fyrir á borði, er boðinn í smásölu og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar. Allar merkingar verða að vera læsilegar og merkimiðar, sem eru notaðir, mega ekki losna auðveldlega af.

*Kaupupplýsingar*

Neytandi verður að geta séð kaupupplýsingar með skýrum hætti á sölustað. Upplýsingarnar verða a.m.k. að fela í sér eftirfarandi, bæði á skriflegu formi og með skýringarmyndum sem skýra sig sjálfar:

- þessa yfirlýsingu eða jafngilda yfirlýsingu: „Þessi vara er ætluð börnum sem eru að hámarki 15 kg og geta setið hjálparlaust.“,
  - fullnægjandi stærð undirlags stóls, sem komið er fyrir á borði, þar sem unnt er að festa hann.
- Eftirfarandi upplýsingar verða einnig að koma fram:
- „Ekki er hentugt að nota þennan stóll sem komið er fyrir á borði fyrir öll borð. Notist ekki á borð með glerplötum, borð með lausum borðplötum, stækkanleg borð, borð á einum fæti, spilaborð eða útileguborð.“

#### *Merkingar*

Stóll, sem komið er fyrir á borði, verður að hafa eftirfarandi sýnilegar og óafmáanlegar merkingar:

- viðvörðunina „VIÐVÖRUN! Skiljið aldrei barn eftir eftirlitslaust“ sem verður að vera sýnileg þegar stóll, sem komið er fyrir á borði, er í notkun,
- viðvörðunina „VIÐVÖRUN! Notið ávallt aðhaldsbúnað fyrir börn og festibúnað fyrir borð.“
- viðvörðunina „VIÐVÖRUN! Athugið ávallt að stóll, sem komið er fyrir á borði, sé öruggur og stöðugur áður en hann er notaður.“,
- yfirlýsinguna „hámarksþyngd: 15 kg.“

#### *Notendahandbók*

Veita verður leiðbeiningar um rétta og örugga samsetningu og notkun stóls, sem komið er fyrir á borði, í notendahandbók. Þessar leiðbeiningar verða að vera nákvæmar og ótvíræðar og fela í sér a.m.k. eftirfarandi yfirlýsingar eða jafngildar yfirlýsingar:

- „Lesið leiðbeiningarnar vandlega fyrir notkun og geymið þær til síðari notkunar. Barnið þitt gæti orðið fyrir meiðslum ef ekki er farið að leiðbeiningunum.“
- „Þessi stóll sem komið er fyrir á borði hentar ekki börnum sem geta ekki setið hjálparlaust.“
- „VIÐVÖRUN! Skiljið aldrei barn eftir eftirlitslaust.“
- „Notið ávallt aðhaldsbúnað fyrir börn og festibúnað fyrir borð.“
- „Athugið ávallt að stóll, sem komið er fyrir á borði, sé öruggur og stöðugur áður en hann er notaður.“
- „Ekki er hentugt að nota þennan stóll sem komið er fyrir á borði fyrir öll borð. Notist ekki á borð með glerplötum, borð með lausum borðplötum, stækkanleg borð, borð á einum fæti, spilaborð eða útileguborð.“
- „Gangið úr skugga um að borð sporðreisist ekki þegar stóll, sem komið er fyrir á borði, er í notkun.“
- „Setjið ekki borðdúk eða aðra hluti á undirlagið sem gætu truflað eðlilega virkni festistoðþáttanna. Haldið grind og yfirborði borðsins hreinu og þurru.“
- „Þessi stóll, sem komið er fyrir á borði, er ætlaður börnum sem eru þyngri en 15 kg.“
- „Athugið stoppskrúfur reglulega og herðið þær ef þörf krefur.“
- „VIÐVÖRUN! Notið ekki stól, sem komið er fyrir á borði, ef einhverjir ihlutir eru brotnir eða þá vantar.“
- „Notið ekki aðra varahluti en þá sem framleiðandi eða dreifingaraðili hefur samþykkt.“
- „Ekki má festa stól, sem komið er fyrir á borði, þar sem barn gæti notað fæturna til að spyrna í borðhluta, í annan stól eða eitthvað annað, þar sem það gæti haft í för með sér að stóllinn losnaði frá borðinu.“

Tilgreina verður fullnægjandi stærð undirlagsins.